

KIRKJUGARÐARÁÐ

117. fundur haldinn 13. október 2014 í fundarsal Biskupsstofu.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir skrifstofustjóri og formaður ráðsins, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Smári Sigurðsson fulltrúi Kirkjubings, Kristín Huld Sigurðardóttir fulltrúi Fornleifaverndar ríkisins sem ritaði fundargerð og Sigurgeir Skúlason starfsmaður ráðsins. Valtýr Valtýsson sveitarstjóri, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga boðaði forföll.

Gestur fundarins: Agnes Stefánsdóttir sviðsstjóri hjá Minjastofnun Íslands

1. Setning fundar

Fundargerð síðasta fundar lögð fram. Umfjöllun frestað til næsta fundar.

2. Sléttun gamalla kirkjugarða. – Fulltrúar Minjastofnunar Íslands ásamt framkvæmdastjóra Kirkjugarðaráðs kynna málið

Kristín Huld og Agnes Stefánsdóttir lýsti áhyggjum Minjastofnunar Íslands vegna sléttunnar gamalla kirkjugarða. Guðmundur Rafn gerði grein fyrir fjölda kirkjugarða á landinu. Nú eru 290 garðar í notkun og eru margir þeirra ekki orðnir 100 ára. Garðar í eyðisóknum eru 15. Niðurlagðir garðar í sóknum eru um 50. Þeir eru ekki í gjaldalíkaninu og fá ekki umhirðugjald. Sums staðar sér áhugafólk um slíka garða. Spurning hver á að sjá um þá.

Kirkjugarðaráð gerði að tillögu að Guðmundur Rafn og Kristín Huld leiddu vinnuhóp sem fjölluðu um þá garða sem eru eldri en 100 ára og legðu fram reglur varðandi viðhald garðanna.

3. Skipan nefndar um fjármál kirkjugarða og fl. Staða mála

Þórsteinn Ragnarsson fulltrúi ráðsins í nefndinni kynnti stöðu mála vegna starfs nefndarinnar og upplýsti að formaður nefndar hefði frestað vinnu fram í nóvember.

4. Upplýsingar um skil á jarðsetningarskýrslum

Þórsteinn Ragnarsson kynnti. Engin vanskil eins og staðan er í dag bæði garðar og prestar hafa skilað skýrslunum.

5. Umgengisreglur fyrir Einarstaðakirkjugarð – ósk um ábendingar

Lagt fram til kynningar. Verður fjallað aftur um þær á næsta fundi. Ráðið lýsti ánægju sinni að kirkjugarðastjórnin hefði ákveðið að setja reglur um um kirkjugarðinn. Ráðið samþykkti að það semdi reglur sem kirkjugarðarnir gætu stuðst við.

6. Næsti fundur

Í þjónustuhúsi Gufuneskirkjugarðs 17. nóvember kl. 14:00.

6. Önnur mál

Agnes Stefánsdóttir sagði frá stöðu mála vegna skráningar minningarmarka í Borgarfirði. Hún þurfi að fara á alla staðina aftur til að sannreyna mælingar.

Bréf biskups til Jóns Eymundar Bergs lagt fram.

Fundi slitið 14:46.

Ragnildur Benediksdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari